

1. september 1981.

771

Nr. 486.

AUGLÝSING

um gjald til Framleiðslueftirlits sjávarafurða vegna saltverkaðrar síldar.

1. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal innheimta gjald hjá sildarsaltendum fyrir mat á saltverkaðri síld og eftirlit með útskipun hennar svo og annan kostnað samanber 2. gr.

Þegar matsmaður hefir lokið matsstörfum hverju sinni, skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag-, eftir- og næturvinnustunda, sem hann hefir unnið og skal sildarsaltandi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni. Á sama hátt skrifar matsmaður vinnuskýrslu vegna eftirlits með útskipun saltverkaðrar síldar. Ekki þarf staðfestingu sildarsaltenda á slíkum vinnuskýrslum, en Framleiðslueftirlitið hefir eftirlit með og ábyrgist að þær séu réttar.

Matsmenn afhenda Framleiðslueftirlitinu fullfrágengnar vinnuskýrslur sínar.

2. gr.

Framleiðslueftirlitið reiknar launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 1. gr., eftir launataxta Fiskmatsmannafélags Íslands að viðbættum 50% til að standa straum af kostnaði við búnaðar- og vinnslueftirlit svo og ferða- og dvalarkostnaði matsmanna.

Gjald þetta skal innheimta frá 15. september 1981.

3. gr.

Gjald samkvæmt auglýsingu þessari er ákveðið og álagt samkvæmt heimild í lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða samanber reglugerð nr. 320 2. júlí 1981 um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.

Jafnframt falla úr gildi eldri heimildir Framleiðslueftirlitsins til að innheimta gjöld fyrir mat og annan kostnað vegna saltverkaðrar síldar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. september 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Ingimar Einarsson.